


Ríkisútvarpið  
Kristján Sigurjónsson  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík



Reykjavík, 9. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140500065/káb

### Fararleyfi til Surtseyjar-Ríkisútvarpið, breytt ferðatilhögun

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Kristjáni Sigurjónssyni, fréttamanni hjá RÚV, dags. 7. maí 2014 um fararleyfi til Surtseyjar og tölvupóst frá Borgþóri Magnússyni dags. 24. júní er varðar breytta ferðatilhögun.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga á land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar.


Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sterka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.


Tilgangur ferðarinnar er að mynda náttúru Surtseyjar, sýna vísindamenn að störfum og ræða við þá um breytingar og þróun eyjarinnar sl. 50 ár. RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í að skrá sögu lands og þjóðar. Í mynda- og hljóðsafni RÚV eru til ómetnalegar heimildir um Surtseyjargosið og sögu eyjarinnar sl. hálfa öld. Reglulega hafa myndatökumenn og fréttamenn/dagskrárgerðarmenn RÚV fengið að fara til eyjarinnar til að taka myndir og segja frá. Enda er það eitt að mikilvægustu hlutverkum og skyldum RÚV að sinna slíku fræðslu- og menningarhlutverki. Ferðin í sumar er rökrétt framhald af því starfi RÚV, en nokkur ár eru nú liðin frá því síðast var farið. Efnið yrði notað í fréttir og fréttaskýringar í sjónvarp, útvarp og vef, sjónvarpsþáttinn Landann og líklega í sérstakan þátt um Surtsey. Leiðangursmenn myndu verða samferða líffræðingum til eyjarinnar og verða sóttir á bát að kveldi 14. júlí.

Umhverfisstofnun vísar í áður samþykktu ferðaheimild dags. 20. júní og heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með þeim breytingum sem orðið hafa á ferðatilhögun síðan þá með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið dagana 13.-14. júlí:

- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
  - o Gísli Einarson
  - o Guðmundur Bergkvist
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmans friðlandsins, leiðangursstjóra rannsóknarleiðangursins og þeim vísindamönnum sem þar eru og gæta þess að valda ekki óþarfa truflun á störfum þeirra.
- Starfsmaður friðlandsins verður staðsettur í Surtsey á þessu tímabili og mun hann vera með eftirlit með leiðangri ykkar og gegna hlutverki leiðsögumanns meðan dvöl ykkar stendur yfir.
- Í lokaafurðum kvikmyndaleiðangursins þarf að koma fram að Surtsey sé friðlýst vegna náttúruverndar, þróunar lífríkis og jarðsögu, og að óheimilt sé að ganga á land og kafa við eyna án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur

  
Gunnlaug Einarisdóttir  
Sviðsstjóri